

9. mars 2012
SI-82852

Nefndasvið Alþingis
nefnasvid@althingi.is
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, með síðari breytingum, 320. mál.

Með tölvupósti dags. 5. mars 2012, óskaði efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um ofangreint frumvarp.

Í greinargerð kemur m.a. fram að með frumvarpi þessu sé lagt til að við 1. mgr. 123. gr. laga um meðferð einkamála, nr. 91/1991, bætist nýr málslíður sem mælir fyrir um það að dómsmál þar sem deilt er um lögmati þess að binda fjárskuldbindingu við verðlag eða við gengi gjaldmiðla og um skilmála slíkra skuldbindinga, svo sem um vexti, skuli sæta flýtimeðferð samkvæmt ákvæðum XIX. kafla laganna, en sá kafli fjallar um flýtimeðferð einkamála fyrir dómstólum. Um nefndan tölulið gildir þó það sama og gildir almennt um 1. mgr. 123. gr. að dómsniðurstaðan hafi almenna þýðingu eða varði stórfellda hagsmuni aðila máls.

Þrátt fyrir að þó nokkrir dómar Hæstaréttar hafi gengið varðandi ólögmat gengistryggð lán er enn mörgum spurningum ósvarað um úrvinnslu þeirra og stöðu til framtíðar. Seðlabanki Íslands telur því mikilvægt að úrlausn álitafna sem risið hafa í kjölfar dóma Hæstaréttar Íslands um gengistryggð lán hljóti skjóta úrlausn í dómskerfinu, leiði sá ágreiningur sem uppi er til þess að látið verði á hann reyna fyrir dómstólum, þar sem það flýtir fyrir því að eyða óvissu.

Seðlabankinn styður því samþykkt frumvarpsins.

Virðingarfyllt
SEÐLABANKI ÍSLANDS

Arnór Sighvatsson
aðstoðarseðlabankastjóri

Sigríður Logadóttir
aðallögfræðingur